

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

129. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 7. mars kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

Viðræður við skólastjóra tónlistarskólans (kl. 15.00).

1. Skólastarf tónlistarskólans.

Viðræður við skólastjóra grunnskólans á Borðeyri(15.20).

2. Skólastarf á Borðeyri og hugsanlegar breytingar framundan.

Viðræður við skólastjóra grunnskólans á Hvammstanga og Laugarbakka (16.00).

3. Skóladagatal.
4. Forföll grunnskólakennara.
5. Samþykkt sveitarstjórnar um skoðanakönnun v/ seinkunar heimaaksturs.
6. Ábyrgð á börnum í dreifbýli vegna seinkunar heimaaksturs.

Önnur mál.

7. Samþykkt sveitastjórnar frá 12. janúar sl. varðandi lokun í leikskólanum Ásgarði.

Afgreiðslur.

1. Skólastarf tónlistaskólans. Skólastjóri sagði frá tónleikum með nemendum síðastliðinn laugardag sem voru haldnir til að kynna starfsemi tónlistarskólans og er gert víða um land. Nemendur eru um 100 þennan skólavetur eins og verið hefur síðustu ár. Vegna veikinda hefur þurft að aðlaga skólastarfið töluvert en allt gengið upp. Vígdís Gígja Ingimundardóttir leysti Ólöfu Pálsdóttur af vegna veikinda hennar frá 10.október 2011. Asgeir Trausti Einarsson kom í stað Guðmundar Hólmars Jónssonar vegna fæðingarorlofs frá 15. febrúar 2012. Næstu helgi munu 5 nemendur fara á tónlistarhátíðina Nótuna á Akranesi, vinningsnemendur munu fara og spila á tónleikum í Hörpunni. Grunnpróf eru haldin í tónlistarskólanum og þennan vetur

munu 5 nemendur taka grunnpróf . Huga þarf að starfsmannahaldi næsta vetur, en það mótast af eftirspurn frá nemendum hversu mikið verður kennt á hvert hljóðfæri. Allar umsóknir um skólavist skal skilað til skólastjóra að vori.

2. Skólastjóri grunnskólans á Borðeyri kynnti skólastarfið og lagði fram tillögur varðandi skólastarfið á Borðeyri næsta vetur. Fræðslu- og félagsmálastjóri hefur umsjón með samþættingu skólastarfsins innan Húnaþings vestra. Fræðsluráð mun halda aukafund á Borðeyri og kynna sér skólastarf þar miðvikudaginn 21. mars klukkan 14.00. Fræðslu- og félagsmálastjóri ásamt grunn- og leikskólastjóra í Húnaþingi vestra munu ræða við starfsfólk grunnskólans og foreldra í fyrrum Bæjarhreppi á sama tíma um hugsanlegar leiðir í skólastarfinu á Borðeyri næsta vetur.
3. Skóladagatal 2012-2013 lagt fram. Sú nýbreytni er að vetrarfrí er sett inn í skóladagatalið 26.október og 29.október. Lengdir skóladagar eru alls 5 og skertir skóladagar 4. Skólastarf mun hefjast 20.ágúst 2012 og vera slitið 30.maí 2013. Fræðsluráð samþykkir skóladagatalið fyrir sitt leyti.
4. Forföll grunnskólakennara. Skólastjóri lagði fram starfsreglur sem lúta að forföllum kennara þ.e forföll vegna veikinda, forföll vegna leyfa, og forföll vegna símenntunar. Framundan er vinna við starfsþróunaráætlun grunnskólans og í því plaggi mun m.a. verða betur útlitað forföll vegna símenntunar og fjármagn sem sett er í símenntun fyrir næstu skólavetur. Það plagg verður kynnt fræðsluráði fyrir 1.maí næstkomandi eftir að kennurum hefur verið kynnt starfsþróunaráætlun grunnskólans. Fræðsluráð fagnar starfsreglum um forföll grunnskólakennara.
5. Skólastjóri grunnskólans mun gera skoðanakönnun meðal foreldra grunnskólabarna í dreifbýli um viðhorf til seinkunar skólaaksturs tvo daga í viku og hver vilji þeirra er til áframhaldandi fyrirkomulags næsta skólavetur. Könnunin verður framkvæmd í lok skólaársins. Skólastjóri kynnti niðurstöðu Olweus könnunar sem sýnir mjög góða niðurstöðu. Skólastjóra finnst það hins vegar umhugsunarefni að sýnt er að Olweus skólarnir í heild sinni sýna ekki betri árangur á líðan sinna nemenda en aðrir skólar sem eru með annarskonar eineltisáætlanir.
6. Álit hefur borist frá Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga um hver beri ábyrgð á börnum úr dreifbýli vegna seinkunar skólaaksturs. Fræðsluráð leggur til að fræðslu-og félagsmálastjóri leiti álits hjá Menntamálaráðuneytinu á grundvelli 14.gr. laga um grunnskóla og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.
7. Lagt fram.

Önnur mál.

Ragnheiður Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara óskaði eftir afstöðu fræðsluráðsfulltrúa til þess að ekki er lengur greitt fyrir áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði.

Grunnskóli Húnaþings vestra fékk 2 milljónir frá sveitarstjórn til húsgagnakaupa fyrir nemendur. Búið er að kaupa sófa og borð í frístundaaðstöðu nemenda. Einnig stillanlega stóla fyrir alla nemendur í 4,5 og 6. bekk.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn sem fulltrúar starfsfólks grunnskóla. Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Gísli G.Magnússon (sign.),
Gunnar Þorgeirsson (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 17.33
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).
Sigrún Waage(sign)